

**Atvinnuvega- og
nýsköpunarráðuneyti**

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd
Sendandi: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Dagsetning: 26.02.2013
Málsnúmer: ANR12090513
Bréfalykill: 4.1.6

Efni: Viðbótarathugasemdir

Drög að frumvarpi til laga um neytendalán voru unnin af nefnd sem þáverandi efnahags- og viðskiptaráðherra skipaði 25. maí 2011 (frumvarpsnefndin). Vegna yfirferðar þeirra umsagna sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd ákvað ráðuneytið að kalla frumvarpsnefndina aftur saman til aðstoðar við yfirferð og mat á umsögnum auk þess að ljúka vinnu við drög að reglugerðum þeim sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Umsögn ráðuneytisins, sem byggðist að mestu leyti á tillögum frumvarpsnefndarinnar, var send efnahags- og viðskiptanefnd þann 27. nóvember 2012. Þann 1. febrúar 2013 sendi ráðuneytið auk þess minnisblað sem innihélt tvær viðbótarathugasemdir í kjölfar fundar frumvarpsnefndarinnar þann 31. janúar 2013. Á fundi frumvarpsnefndarinnar þann 21. febrúar var farið yfir þær breytingar sem meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar lagði til við 2. umræðu þess í þinginu og önnur þau atriði sem ástæða þótti til að skoða nánar.

J. liður 5. gr. - Skilgreining á lánessamning

Að beiðni efnahags- og viðskiptanefndar tók frumvarpsnefndin það til skoðunar hvort það sé nægilega skýrt að skuldabréf falli undir gildissvið frumvarpsins. Einn umsagnaraðili, Seðlabankinn, lýst yfir áhyggjum af því í umsögn sinni að skilja megi skilgreiningu frumvarpsins á lánessamningi sem svo að skuldabréf falli ekki þar undir. Ljóst skal vera að allir lánessamningar sem gerðir eru við neytendur í atvinnuskyni eiga að falla undir gildissvið frumvarpsins, sama hvort um er að ræða skuldabréf eða annað lánsform. Orðalag skilgreiningar frumvarpsins á lánessamningi er samhljóða skilgreiningu núgildandi laga um neytendalán nr. 121/1994, sbr. c. liður 4. gr., en fasteignalán hafa fallið undir gildissvið þeirra laga síðan þeim var breytt með lögum nr. 179/2000.

Rétt er þó að hugsanlega megi breyta skilgreiningu frumvarpsins á lánessamningi til að koma í veg fyrir misskilning og skerpa á því að skuldabréf teljist til lánessamnings í skilningi frumvarpsins. Leggur frumvarpsnefndin því til eftirfarandi orðalagsbreytingu á j. lið 5. gr.

*Lánessamningur: Samningur þar sem lánveitandi veitir eða lofar að veita neytanda lán, greiðslufrest eða sambærilega fjárhagslega fyrirgreiðslu og neytandi lofar að greiða samkvæmt ákvæðum samnings. **Skuldabréfalán telst einnig lánessamningur.** Undanskildir eru þó samningar um veitingu endurtekinnar þjónustu eða afhendingu sams konar vöru þar sem neytandi greiðir alborganir af slíkri þjónustu eða vöru svo lengi sem hún er látin í té.*

21. gr. – Árleg hlutfallstala kostnaðar

Meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar leggur til að við 3. mgr. 21. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Ef lánessamningur heimilar verðtryggingu skal útreikningur árlegrar hlutfallstölu kostnaðar miðast

við ársverðbólgu samkvæmt tólf mánaða breytingu vísitölu neysluverðs.

Gangi þessi breyting eftir er nokkur hætta á misskilningi við samlestur 1. og 2. ml. 3. mgr. 21. gr., enda er talað um hvernig skuli fara með útreikning verðtryggings lánsammans í báðum málsliðunum. Frumvarpsnefndin leggur til að orðalaginu „verðtryggingu eða“ verði fellt út úr fyrri málsliðnum. Einnig er lagt til að aftan við síðari málsliðinn bætist: *og þá forsendu að ársverðbólga verði óbreytt til loka lánstímans*. 3. mgr. 21. gr. frumvarpsins myndi þá hljóða svo:

*Ef lánsamningur heimilar ~~verðtryggingu eða~~ breytingu á vöxtum eða öðrum gjöldum sem teljast hluti árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, en ekki er unnt að meta hverju nemi á þeim tíma sem útreikningur er gerður, skal reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar miðað við þá forsendu að ~~verðlag~~, vextir og önnur gjöld verði óbreytt til loka lánstímans. Ef lánsamningur heimilar verðtryggingu skal útreikningur árlegrar hlutfallstölu kostnaðar miðast við ársverðbólgu samkvæmt tólf mánaða breytingu vísitölu neysluverðs **og þá forsendu að ársverðbólga verði óbreytt til loka lánstímans.***

25. gr. - Sérstök upplýsingaskylda

Meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar leggur til að sérstök upplýsingaskylda lánveitanda skv. 25. gr. einskorðist ekki við veðlán heldur taki til allra verðtryggðra lána og lána með breytilegum vöxtum. Frumvarpsnefndin telur nauðsynlegt að skýrt sé að 25. gr. eigi ekki við er um er að ræða endurnýjun eða hækkun á yfirdráttarheimild undir viðmiðunarmörkum greiðslumats skv. 2. mgr. 10. gr. Er því lagt til að við 25. gr. frumvarpsins bætist við ný 3. mgr. svohljóðandi:

1.-2. mgr. á ekki við um endurnýjun og/eða hækkun yfirdráttarheimilda sbr. t-lið 5. gr. að því gefnu að heildarlánsfjárhæð sé lægri en viðmiðunarfjárhæð vegna framkvæmdar greiðslumats skv. 2. mgr. 10. gr.